

<b>Kennari</b>	Rannveig Karlsdóttir	<b>Sk.st.</b>	RAN
----------------	----------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verður farið í grunnþætti þjóðfræða. Greinin er kynnt og farið yfir hvað einkennir hana og hver eru þau lykilhugtök sem tengjast efninu um leið og ólíkir þættir menningarinnar eru kynntir (t.d. sögur, hátíðir, leikir, dansar, hlutir, hópar, texti, hegðun, munnleg geymd, ólíkar tegundir flutnings). Íslenskir þjóðhættir eru skoðaðir. Lesnar þjóðsögur og farið yfir kenningar þjóðsagnafræða. Hversdagsmenning nútíðar og fortíðar er skoðuð og áhrif hennar á tungumál og lífshætti. Rýnt er í nútímann með augum þjóðlífsfræða og metið hvernig hægt er að nota ólíka miðla og texta til að koma merkingu á framfæri á ólíka vegu. Farið yfir aðferðafræði og siðferðileg álitaeefni við söfnun þjóðfræðiefnis. Í vinnu og verkefnum áfangans reynir á kunnáttu í heimildavinnu, frumkvæði, sjálfstæð og skapandi vinnubrögð, gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og virðingu fyrir skoðunum annarra.

### Markmið:

**Þekkingarviðmið:** Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- lykilhugtökum og grunnþáttum þjóðfræða
- munnlegri geymd
- mismunandi tegundum texta og ólíkri miðlun þeirra, áhrifum og túlkun
- áhrifum hversdagsmenningar m.a. á lífnaðarhætti og tungutak
- íslenskri menningu, úr hverju hún sprettur og tengslum hennar við útlönd
- þjóðsagnafræðum
- hugmyndafræði og viðhorfum fólks á ólíkum tímum
- heimildanotkun í tengslum við verkefnavinnu
- orðaforða sem þarf til að lesa í ólíkar heimildir (munnlegar, myndrænar, ritaðar, o.fl.)

**Leikniviðmið:** Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa og greina ýmis konar texta frá ólíkum tímum og á ólíku formi sér til gagns og geta fjallað um inntak þeirra í ræðu og riti
- beita algengum stílbrögðum í tal- og ritmáli
- skilja og geta nýtt helstu kenningar og hugtök í þjóðfræði
- draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra
- vinna verkefni af ýmsu tagi og nýta sér uppbyggilega gagnrýni
- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum

**Hæfniviðmið:** Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann

## ÍSLE3PH05 - Fjarnám Námsáætlun vorannar 2022



Verkefnaskólinn á Akureyri

hefur aflað sér til að:

- skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta
- taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta
- átta sig á samfélagslegum skírskotunum, duldem boðskap og hugmyndum
- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- velja ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið

### Námsgögn:

*Þjóðfræði hvað? Kennsluefni fyrir framhaldsskóla eftir Þórunni Kjartansdóttur (tilraunanámsefni, aðgengilegt á netinu).*

Námsefni frá kennara á Moodle námsvef námskeiðsins. Mikilvægt er að hafa í huga að glærur, glósur og greinar á Moodle eru hluti af námsgögnum áfangans.

*Ritver HÍ: Leiðbeiningar með ritgerðaskrifum og heimildavinnu. Slóðin er:*

*<https://ritver.hi.is/is>. Stuðst verður við APA-kerfið í heimildaskráningu.*



**Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspáttá:**

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatspáttá
Lota 1	Fagið Þjóðfræði og viðfangsefni þess kynnt. Söfnunar- og rannsóknaraðferðir kynntar. Söfnunaraðferðir og viðtalstækni. Þjóðlífsfræði: Skilgreiningar. Hversdags- og alþýðumening, hópar og þjóðir, hefðir,.	Efni úr kennslubók og frá kennara á Moodle. Efnisspurningar og verkefni fyrir vinnubók, Moodle próf, heimalestur og ritgerðarvinna.	Moodle próf Ritunarverkefni-heimildavinna 15%
Lota 2	Þjóðháttafræði: Efnismening, áhrif á hópa og einstaklinga. Líkami, skraut, fatnaður, heimili og þrif sem sjálfstæður og merkingarbær texti, ímyndarsköpun og sköpun sögunnar.	Efni úr kennslubók og frá kennara á Moodle. Verkefni fyrir vinnubók, heimalestur, Moodlepróf og verkefnavinna.	Skapandi verkefni og kynning 15%
Lota 3	Þjóðsagnafræði: Skilgreiningar. Þjóðsögur, ævintýri, flökkusagnir, brandarar og fleiri gerðir sagna. Frásagnir og frásagnaraðferðir, einkenni og dreifing ólíkra sagna, gamalla og nýrra.	Efni úr kennslubók og frá kennara á Moodle. Vinnubókarverkefni, heimalestur, Moodlepróf. Lestur og bókarskýrsla.	Bókarskýrsla 10%
Öll önnin			Moodle verkefni sem samtals gilda 10% af lokaeinkunn. Vinna við vinnubók 20%

## ÍSLE3PH05 - Fjarnám Námsáætlun vorannar 2022



Verkefnaskólinn á Akureyri

### Námsmat og vægi námsmatsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Skapandi verkefni og kynning	Nemendur vinna verkefni um valið efni. Ólík verkefni og skilaform.	15%	
Vinnubók	Ólík verkefni sem nemendur vinna jafnt og þétt yfir önnina og skila í lok annar.	20%	
Ritunarverkefni	Ritunarverkefni þar sem unnið er út frá reglum um heimildanotkun og skráningu.	15%	
Moodle próf	Moodle verkefni úr lesefni áfangans.	10%	
Lestur, greining, ritun	Lestur á íslenskri skáldsögu, greining og bókarskýrsla.	10%	
Próf		30%	
		<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>

#### Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

**Annað:** Lögð er áhersla á að nemendur skili öllum námsmatsþáttum. Þau sem skila verkefnum eftir að skilafrestur er útrunninn geta átt von á að einkunn verði lækkuð sbr. skilareglur á Moodle.


Ef nemandi getur ekki skilað verkefni á tilsettum tíma vegna veikinda eða ófyrirséðra atvika þarf að hafa samband við kennara svo hægt sé að tryggja að prófa- og skilaréttur falli ekki niður. Nemendur eiga kost á að vinna upp verkefni sem ekki tókst að skila, ef gildar ástæður voru fyrir hendi, í samráði við kennara.


Í áfanganum er gert ráð fyrir töluverðri heimavinnu, bæði lestri og verkefnavinnu, enda er reiknað með að 40% vinnunnar í 5 eininga áföngum fari fram sem heimavinna. Fylgist því vel með og hefst strax handa við lestur og verkefnavinnu.

#### Annað sem kennari vill að komi fram.

**ATH!** Vegna Covid 19 heimsfaraldars geta skipulag og kennsluhættir breyst frá því sem hér segir.

Dagsetning: 16. 01. 2022

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils